

Ed.

809. Nefndarálit

[259. mál]

um frv. til l. um Útflutningsráð Íslands.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fimm fundum og kallað til viðtals fulltrúa frá viðskiptaráðuneyti, Verslunarráði Íslands, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og iðnaðarráðuneyti.

Að lokinni athugun á frumvarpinu er nefndin einhuga um að mæla með samþykkt þess. Þó er ágreiningur í nefndinni um eitt ákvæði frumvarpsins.

Innan nefndarinnar hafa orðið miklar umræður um það hvernig stjórn Útflutningsráðs skuli skipuð, einkum hverjir skuli tilnefna fulltrúa ríkisins í stjórnina. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni leggja áherslu á að ekki verði fjölgað í stjórninni frá því sem lagt er til í frumvarpinu — enda er þar gert ráð fyrir að stjórnarmenn verði alls átta — en þó sé tryggt að sjónarmið þeirra ráðuneyta, sem sinna útflutningsmálum, eigi greiðan aðgang að stjórnarfundum. Í samræmi við þetta leggja þeir til að 3. másl. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra tilnefni varamenn í stjórn Útflutningsráðs fyrir þá aðalmenn sem viðskiptaráðherra og utanríkisráðherra tilnefna í stjórnina. Aðrir nefndarmenn hafa fyrirvara um afstöðu sína til þessarar tillögu.

Ragnar Arnalds leggur til að í stað þess að nokkur stórfyrirtæki tilnefni menn í stjórn verði stjórnarmenn, aðrir en fulltrúar ríkisins, kjörnir af Útflutningsráði.

Í annan stað er nauðsynlegt að mati nefndarinnar að endurskoða ákvæði a-liðar 6. gr. frumvarpsins þar sem lagt hefur verið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins en þar er gert ráð fyrir afnámi laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Nefndin hefur orðið sammála um að þessi endurskoðun fari fram milli 2. og 3. umræðu um frumvarpið í deildinni.

Nefndin telur að lokum ástæðu til að minna á að samkvæmt 3. gr. frumvarpsins skal Útflutningsráð opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldeyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Að mati nefndarinnar ber ekki að skýra þetta ákvæði þröngt enda væri slík lögskýring vart í samræmi við hlutverk Útflutningsráðs skv. 1. gr. frumvarpsins. Í þessu sambandi telur nefndin eðlilegt að t.d. Bandalagi íslenskra listamanna verði boðið að gerast stofnaðili Útflutningsráðs.

Valdimar Indriðason var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1986.

Ey. Kon. Jónsson,
form.

Eiður Guðnason,
fundaskr.

Jón Kristjánsson,
frsm.

Egill Jónsson.

Stefán Benediktsson,
með fyrirvara.

Ragnar Arnalds,
með fyrirvara.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,
með fyrirvara.